

Stjórnarskiptafundur FNS

Þriðjudaginn 27. maí 2015, kl. 10:00 í HÍ

Mættar úr fráfarandi stjórn: Ingibjörg, Ásthildur, Helga, Ágústa, Olga

Mættar úr verðandi stjórn: Ingibjörg, Olga, Soffía, Guðný, Þur

1. Fastir liðir stjórnar og verkefni
 - Helga fór yfir fasta liði og verkefni stjórnar FNS
 - Segir frá nýju verkefni sem verðandi stjórn mun taka að sér (skv. breytingum á lögum á síðasta aðalfundi) en það er að fara yfir umsóknir nýrra félagsmanna.
 - Ágústa útskýrir hvernig gamla fyrirkomulagið var á inntöku félagsmanna og hvernig það nýja er hugsað
 - Umræður um hvort ekki sé mikilvægt að sá aðili sem sér um heimasíðu félagsins sjái líka um félagatalið. Ágústa segir frá hugmyndinni um opið félagatal á heimasíðu þar sem eru nákvæmari upplýsingar um hvern félagsmann en fyrirmýndin er félagatalið á heimasíðu Félags kvenna í atvinnurekstri, FKA.
2. Stéttarfélagsmál
 - Helga segir frá hvar stéttarfélagsmálin standa og samvinnu við Capacent
3. Samstarf við Skólameistarafélag Íslands
 - Komið var á samstarfi við Skólameistarafélags Íslands síðasta vetur en það þarf að vera í sambandi við formann þess í haust til að undirbúa sameiginlega framhaldsskólakynningu.
4. Starfsþjálfunarmál
 - Afstaða fráfarandi stjórnar til starfsþjálfunarmála kynnt nýrri stjórn og urðu umræður um það.
5. Norrænt samstarf
 - Helga minnti nýja stjórn á að hún þyrfti að tilnefna aðila í Norrænt samstarf
6. Verkaskipting nýrrar stjórnar
 - Formaður: Ingibjörg Kristinsdóttir
 - Gjaldkeri: Soffía Valdimarsdóttir
 - Ritari: Unnur Símonardóttir
 - Umsjón með félagatali: Olga Sveinbjörnsdóttir

Meðstjórnendur: Margrét Björg Arnardóttir
Guðný Eypórsdóttir
Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir

Gengið var frá undirritun fráfarandi stjórnar og nýrrar stjórnar á heimild til prókúru fyrir nýjan gjaldkera sem fara þarf með í bankann.

Fundi slitið kl 12:30